

## Reglugerð fyrir Orlofssjóð Verkfræðingafélags Íslands (áður Stéttarfélag verkfræðinga)

1. Heiti sjóðsins er Orlofssjóður Verkfræðingafélags Íslands (OVFÍ). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er eign Verkfræðingafélags Íslands.
  2. Tilgangur sjóðsins er að bjóða sjóðsfélögum upp á orlofsgistingu.
  3. Aðild að OVFÍ byggist á því að greitt sé iðgjald til sjóðsins. Iðgjaldið skal fylgja samningsbundnu orlofsiðgjaldi verkfræðinga hjá ríkinu. Sjóðsfélagi telst segja sig úr OVFÍ ef umsamin gjöld hætta að berast sjóðnum, þó þannig að hafi sjóðsfélagi greitt samfellt í sjóðinn undangengin 2 ár heldur hann réttindum í 2 ár. Réttindin minnka samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins. Sjóðsfélagi getur ekki gert kröfu til sjóðsins við úrsögn.
  4. Tekjur sjóðsins eru iðgjöld samkvæmt samningi félagsmanna OVFÍ við atvinnurekanda eða eigin framlög félaga OVFÍ (samanber grein 3) og aðrar tekjur.
  5. Stjórn Kjararáðs Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) skipar stjórn OVFÍ. Stjórnin skal skipuð allt að fimm sjóðfélögum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hætti stjórnarmaður skal stjórn VFÍ skipa nýjan mann í hans stað. Framkvæmdastjóri VFÍ skal sitja stjórnarfundi og vera starfsmaður OVFÍ.
  6. Stjórn OVFÍ hefur umsjón með fjármálum sjóðsins, innheimtu iðgjalda, gerð samninga og öðru því sem stjórn OVFÍ ákveður að bjóða félagsmönnum. Framkvæmdastjóri VFÍ sér um daglega umsýslu sjóðsins. Stjórn OVFÍ skal bera undir stjórn Kjararáðs VFÍ allar fjárhagsskuldbindingar sem nema hærri upphæð en árstekjum sjóðsins.
- Endurskoðendur ársreikninga VFÍ eru jafnframt endurskoðendur ársreikninga OVFÍ.
7. Stjórn OVFÍ skal fyrir aðalfund Kjararáðs VFÍ leggja fram ársreikning og skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi síðastliðins árs og áætlun fyrir næsta ár.
  8. OVFÍ greiðir ákveðið hlutfall af tekjum sínum til VFÍ til að standa straum af kostnaði vegna reksturs OVFÍ. Stjórn OVFÍ semur við skrifstofuna um þetta hlutfall og leggur fram til samþykktar fyrir stjórn VFÍ. Fyrir vinnu stjórnarmanna er greitt allt að 3% af tekjum sjóðsins í þóknun.
  9. Um önnur atriði en þau, sem ákveðin eru í reglum þessum, fer eftir lögum og reglum VFÍ. Allar breytingar á reglugerð þessari skulu staðfestar af stjórn Kjararáðs VFÍ.

Breytingar samþykktar á 1049. stjórnarfundi SV 10.10.2000  
Breytingar samþykktar á 1206. stjórnarfundi SV 01.04.2009